

Víkurskóli

Námsval 2021-2022
8.-10. bekkur



Gangi ykkur vel að velja 😊



Valinu á að skila rafrænt í síðasta lagi

Þriðjudaginn 25. maí 📅

Nám í valgreinum – sömu kröfur og í öðrum greinum

Þó nemendur velji sér greinar er nám í valgreinum ekki frábrugðið námi í öðrum greinum. Sömu námslegar kröfur eru gerðar í valgreinum og í öðrum greinum sem kenndar eru í grunnskólum. Góðum verkum fylgir ævinlega ánægja og tryggasta leiðin til að vera ánægður í skóla er nú sem fyrr að leggja sig fram.

Hver kennslustund er 80 mínútur

- 8. bekkur velur 2 kennslustundir yfir allt skólaárið (80 mín).
- 9. bekkur velur 4 kennslustundir yfir allt skólaárið (160 mín).
- 10. bekkur velja 5 kennslustundir yfir allt skólaárið (200 mín).

Nauðsynlegt er að velja a.m.k. 6-8 greinar til vara, því ekki er víst að hægt verði að uppfylla allar óskir. Athuga að vegna fjölda í hópum geta ákveðnar greinar lokast vegna fjöldatakmarkana og einnig geta valgreinar fallið niður vegna lítillar þátttöku.

Mikilvæg atriði!

- **Rafrænu vali lýkur þriðjudaginn 25. maí.**
- **Umsókn um val utan skóla er ekki tekið gilt nema umsókninni hafi verið skilað á þar til gerðu umsóknarblaði. Síðasti skiladagur er 1. júní á skrifstofu skólans.**
- Val kallar á ábyrgð og því er mikilvægt fyrir hvern og einn nemanda að ígrunda þá kosti sem eru í boði. Þegar þú velur þér valgreinar skaltu hafa áhugasvið þín og styrkleika í huga.
- Vandíð valið því það getur verið erfitt að breyta seinna

Valfögin

| | |
|---|----|
| Acrylmálun á striga – eigið áhugasvið | 5 |
| Asísk og suður Amerísk matreiðsla (grænmetis/vegan)..... | 5 |
| Auglýsinga og plakatgerð | 5 |
| Bakstur | 6 |
| Boltaíþróttir | 6 |
| Boostbarinn og hollt og gott snakk..... | 7 |
| Enska og kvikmyndir | 7 |
| Fab Lab..... | 7 |
| Fancy some tea and crumpets? - Bresk menningarsaga | 8 |
| Fatahönnun; endurvinnsla – nýsköpun | 8 |
| First Lego League | 8 |
| Fjarnám við Fjölbrotarskólann í Ármúla eða Verzlunarskóla Íslands | 9 |
| Fornám ökunáms – umferðarfræðsla..... | 9 |
| Forritun..... | 10 |
| Frjáls myndlist – eigið áhugasvið | 10 |
| Förðunarnámskeið I | 10 |
| Förðunarnámskeið II..... | 11 |
| Grafík og leir..... | 11 |
| Hárnámskeið | 12 |
| Heillandi hljómar..... | 12 |
| Hip-Hop menning | 12 |
| Hjól og sund | 13 |
| Hvað er að fréttu Víkurskóli? | 13 |
| Hraustir krakkar – morgunæfing | 14 |
| Jóga | 14 |
| Jólaval – gluggaskreytingar í skólann okkar | 14 |
| Jólaval..... | 14 |
| Kennaragrín | 15 |
| Kvikmyndir baðstofunnar; hekl-prjón-útsaumur..... | 15 |
| Leiklist – árshátíð | 15 |
| Listanámsbraut í Borgarholtsskóla..... | 16 |
| Málmtæknival – MSG1A03..... | 16 |
| Nemendaráð | 17 |
| Réttindaráð..... | 17 |
| Ritsmiðja - Skapandi skrif | 18 |
| Rökræðulist – heimspekilegar samræður | 18 |
| Rússneska | 18 |
| Skartgripagerð..... | 19 |

| | |
|--|----|
| Skartgripahönnun/málmsmíði | 19 |
| Skrekkur | 19 |
| Slakaðu á! | 20 |
| Slökun/jóga nidra..... | 20 |
| Smákökubakstur..... | 20 |
| Smíði með geislaskera | 21 |
| SNAG golf | 21 |
| Snóker eða Pool..... | 22 |
| Starfsnám í frístundaheimili | 22 |
| Syngjum saman..... | 22 |
| Tálgun | 23 |
| Teikning og málun eftir ljósmyndum | 23 |
| Val utan skóla..... | 23 |
| Vefsíðugerð I..... | 24 |
| Viðburðastjórnun | 24 |

Námslýsing á valgreinum

Acrylmálun á striga – eigið áhugasvið

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 9.-10. bekk.

Kennari: Erna G. Sigurðardóttir

Nemendur vinna alfarið með eigið ímyndunarafli, hugmyndir og áhugasvið. Kynnt verða ýmiskonar tækni og aðferðir við málun á striga og unnið með gæðamálningu eða listamannalíti.

Markmiðin eru að nemendur:

- öðlist færni í að vinna skipulega frá hugmynd til fullmótaðs verks í málun
- beiti skapandi og gagnrýnni hugsun í myndlist
- öðlist meiri skilning, getu og hæfni við eigin sköpun
- öðlist færni í að tjá og meta eigin verk og annarra með hugtökum námsgreinarinnar

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámsskrá.

Asísk og suður Amerísk matreiðsla (grænmetis/vegan)

Kennslustund: 80 mín

Í boði fyrir: 8. - 10 bekk.

Kennari: Erna G. Sigurðardóttir

Nemendur læra að gera spennandi og bragðgóða grænmetis/vegan rétti frá Asíu og suður Ameríku. Námið er verklegt og nemendur smakka í tímum og taka afraksturinn með heim.

Markmiðin eru að nemendur:

- öðlist grunnþekkingu á grænmetis- og vegan fæði.
- öðlist færni í að fylgja fyrirmælum, vinna eftir uppskriftum með mismunandi hráefni og að sjá um framleiðslu mismunandi rétta.
- öðlist færni til að vinna í eldhúsi og sjá um lokaþrif.

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámsskrá.

Auglýsinga og plakatgerð

Kennslustund: 80 mín

Í boði fyrir: 8. -10 bekk.

Kennari: Erna G. Sigurðardóttir

Nemendur læra að gera auglýsingar og plaköt. Unnið verður á forrit í tölvum með ýmis skemmtileg þemu, stafagerð og myndir.

Markmiðin eru að nemendur:

- öðlist færni í að vinna skipulega frá hugmynd til fullmótaðs verks, með ólík efni og miðla
- beiti skapandi og gagnrýnni hugsun í vinnu
- öðlist dýpri skilning, getu og hæfni við eigin nýsköpun og hönnun
- öðlist færni í að tjá og meta eigin verk og annarra með hugtökum námsgreinarinnar

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámsskrá.

Bakstur

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 8.- 10. bekk

Kennari: Anna Guðbjörg Guðjónsdóttir

Nemendur fá þjálfun í að baka brauð og kökur. Þeir vinna sjálfstætt eftir að kennari hefur farið yfir vinnuferlið. Mikið er lagt upp úr góðu vinnulagi og að frágangur sé til fyrirmyndar. Umræður um manneldismarkmið, hagsýni og umhverfisvernd fléttast inn í vinnuferlið. Allir tímar eru verklegir.

Markmiðin eru að nemendur:

- fái tilsögn við bakstur á hinum ýmsu tegundum af brauðmeti og kökum
- öðlist færni í að beita fjölbreyttum bakstursaðferðum
- tileinki sér hreinlæti í verki við heimilisstörfin
- tileinki sér góð vinnubrögð og rétta líkamsbeitingu
- þjálfist í að vinna sjálfstætt eftir uppskrift
- geri sér grein fyrir því hvers vegna mikilvægt er að þvo upp samkvæmt ströngustu hreinlætiskröfum

Gerð er krafa um að nemendur geti meðtekið og farið eftir fyrirmælum, bæði munnlegum og skriflegum. Einnig að nemendur vinni skipulega, haldi vinnusvæði hreinlegu, gangi vel frá í lokin og síðast en ekki síst haldi ró sinni og sýni samstarfsfólki virðingu og vinsemd.

Námsmat: Miðað er við matsmarkmið í Aðalnámsskrá.

Boltaíþróttir

Kennslustund: 80 mín

Í boði fyrir: 8.-10. bekk

Kennari: Henning Skov

Farið verður í helstu boltagreinar fótbolta, körfubolta, handbolta, bandy, blak og e.t.v. einhverjar fleiri boltagreinar.

Við æfum okkur í misjöfnum boltaleikjum og taktík með því markmiði að allir þátttakendur séu virkir.

Stöku sinnum fer kennsla fram í kennslustofu þar sem farið verður í grunntækni, leikfræði og leikreglur og unnið í verkefnum því tengdu.

Markmiðin eru að nemendur:

- öðlist dýpri skilning á boltagreinum
- læri helstu leikreglur í hverri íþróttgrein
- fái tækifæri til þess að dæma knattleiki
- skilji að í boltaíþróttum eru allir spilarar jafn mikilvægir
- læri undirstöðuatriði liðssamvinnu og geti útfært þessi atriði í leikrænum æfingum og leikæfingum
- fái grunnþekkingu í uppbyggingu þjálfunar í hverri boltagrein.
- fari eftir samþykktum reglum, styðji hver annan á jákvæðan og uppbyggilegan hátt.

Námsmat: Miðað er við matsmarkmið í Aðalnámsskrá.

Boostbarinn og hollt og gott snakk

Kennslustund: 80 mín
Í boði fyrir: 8.- 10. bekk.
Kennari: Erna G. Sigurðardóttir

Nemendur læra að útbúa æðislega holla drykki og safu eftir uppskriftum, sykurlausan ávaxtaís og allskonar hollt snakk. Námið er verklegt og er smakkað í tíma og afrakstur tekinn með heim.

Markmiðin eru að nemendur:

- öðlist færni og þekkingu á heilsugefandi mataræði
- öðlist færni í að fylgja fyrirmælum, vinna eftir uppskriftum með mismunandi hráefni og aðferðir
- öðlist færni til að vinna í eldhúsi og sjá um lokaþrif

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámsskrá.

Enska og kvikmyndir

Kennslustund: 80 mín.
Í boði fyrir: 8.-10. bekk.
Kennari: Hildur Seljan

Langar þig að auka orðaforðann þinn í ensku? Skilja betur menningu og sögu þeirra sem hafa ensku að móðurmáli? Langar þig að gera það gegnum kvikmyndir og sjónvarpsefni? Þá er þetta rétti áfanginn fyrir þig!

Markmið er að nemendur geti fylgst með efni í myndmiðlum sér til gagns og ánægju, sagt frá og unnið úr því.

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámsskrá.

Fab Lab

Kennslustund: 80 mín.
Í boði fyrir: 8. - 10. bekk.
Kennari: Erna G. Sigurðardóttir

Í Fab Lab smiðju fá nemendur tækifæri til að þjálfa sköpunargáfuna og vinna að nýsköpun, hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd með því að hanna og móta og framleiða hluti með aðstoð stafrænnar tækni.

Markmiðin eru að nemendur:

- öðlist færni í að vinna skipulega frá hugmynd til fullmótaðs verks í nýsköpun
- beiti skapandi og gagnrýnni hugsun í vinnu
- öðlist dýpri skilning, getu og hæfni við eigin nýsköpun og hönnun
- öðlist færni í að tjá og meta eigin verk og annarra með hugtökum námsgreinarinnar

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámsskrá.

Fancy some tea and crumpets? - Bresk menningarsaga

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 8.-10. bekk.

Kennari: Hildur Seljan

Farið verður í menningu Bretlands og af hverju enskan er eins og hún. Hvað gerir þessa litlu eyju í Atlantshafi að gríðarstóru heimsveldi og tungumálið hennar að alþjóðlegu máli?

Leitað verður m.a. svara við spurningum eins og: Hverjir voru Keltar? Var Artúr konungur til? Af hverju er svona mikil franska í enskunni? Hvaða konungur átti 6 eiginkonur? Af hverju voru Bítlarnir svona vinsælir? Af hverju syrgði heimsbyggðin Díönu prinsessu?

Nemendur kynast menningu og sögu Bretlands og áhrifa þess á heimsbyggðina, geta þekkt helstu atburði sem gerst hafa í sögu Bretlands sem og borið kennsl á þekktasta fólkið í gegnum tíðina.

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámsskrá.

Fatahönnun; endurvinnsla – nýsköpun

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 8.- 10. bekk.

Kennari: Ásrún Ágústsdóttir

Í áfanganum er áhersla lögð á endurnýtingu textíls þar sem skapandi hugsun og lausnamiðun nemenda ráða ríkjum. Nemendur læra tæknileg undirstöðuatriði í fatagerð og fatahönnun. Nemendur halda dagbók sem þeir skila rafrænt í formi myndbands í anda tiktok.

Einnig er lögð áhersla á hugmyndaöflun, þemaspjöld, skissuvinnu og tískuteikningu. Í gegnum ferlið er lagt upp með að nemendur skilji vinnuferlið frá hugmynd að fullunninni flík og temji sér gagnrýnin og vönduð vinnubrögð. Að auki læra nemendur ólíkar leiðir til litunar og skreytingar á flíkum. Lögð er áhersla á lifandi ferli með samspil textíls, hönnunar og framkvæmdar að leiðarljósi.

Markmiðin eru að nemendur

- geti beitt skapandi og gagnrýnni hugsun í hönnun- og textílvinnu
- velti fyrir sér mikilvægi endurvinnslu, flokkunar, nýtingar og niðurbrots efna
- geti beitt fjölbreyttum aðferðum, áhöldum og vélum greinarinnar í textílvinnu
- skapi eitthvað nýtt úr endurvinnanlegu efni (skapi verðmæti úr “engu”)

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámsskrá.

First Lego League

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 8.- 10. bekk.

Kennari:

Valnámskeið þar sem lokamarkmiðið er First Lego League keppnin sem haldin verður um miðjan nóvember n.k. á vegum Háskóla Íslands, Nýherja, Krumma og fleiri samstarfsaðila. Keppnin er haldin í stóra salnum í Háskólalabíó.

Nemendur undirbúa sig fyrir keppnina sem felst í því að:

- rannsaka og leysa raunverulegt vandamál sem byggir á þema áskorunarinnar
- kynna rannsóknir sínar og lausnir
- smíða sjálfvirk vélmenni með verkfræðilegum aðferðum

Valnámskeiðið hefst strax í upphafi annar og lýkur með keppninni á laugardegi í nóvember. Nemendur mæta í fasta tíma og aukatíma eins og þurfa þykir (meira eftir því sem nær dregur keppnisdegi). Á keppnisdegi er gert ráð fyrir að nemendur mæti líkt og um kennsludag sé að ræða.

Námsmat: Miðað er við matsmarkmið í Aðalnámskrá.

Fjallganga

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 8.-10. bekk.

Kennari: Markús Karl Torfason og Anna Björg Björnsdóttir

Byrjað verður á stuttri yfirferð yfir nauðsynlegan búnað fyrir fjallgöngur og útivist. Í framhaldinu göngum við saman á nokkur fjöll í nágrenni Reykjavíkur og ef aðstæður leyfa kynnumst við klettaklifri í línu. Fjallgönguvalið er fyrstu 6 – 8 vikurnar á haustönn og síðustu 6 – 8 vikurnar á vorönn.

Markmiðin eru að nemendur:

- Skilji mikilvægi góðs útbúnaðar.
- Njóti útivistar í íslenskri náttúru á öruggan og ábyrgan hátt.
- Beri virðingu fyrir náttúrunni og gangi vel um.

Námsmat: Miðað er við matsmarkmið í Aðalnámsskrá.

Fjarnám við Fjölbrautarskólann í Ármúla eða Verzlunarskóla Íslands

Skráning í fjarnám er tvisvar á ári, í byrjun september og janúar.

Í boði fyrir: 10. bekk.

Umsjón með valinu: Líney Björg Sigurðardóttir, náms- og starfsráðgjafi.

Fjarnám er fyrir nemendur sem skara fram úr í námi, almennt eða í einstaka námsgreinum, t.d. nemendur sem hafa búið erlendis og hafa forskot í erlendu tungumáli geta skráð sig í fjarnám.

Nemendur sem fá B+ eða A í einkunn 9. bekk geta sótt um að taka áfanga í fjarnámi. Athugið að fjarnám krefst þess að nemandi sýni mikinn aga, kunni að skipuleggja sig og sé samviskusamur. Með því að skrá sig í fjarnám skuldbindur nemandi sig til þess að ljúka áfanganum. Bókakostnaður greiðist af foreldrum/forráðamönnum.

Hægt er að skoða hvað er í boði inn á heimasíðum skólanna, ýmsar greinar í boði:

Fjölbrautaskólinn við Ármúla, fa.is - <https://www.fa.is/fjarnam/afangar-i-bodi/fjarnam/>

Verzlunarskóli Íslands, verslo.is - <https://www.verslo.is/fjarnam/afangar-i-bodi/>

Fornám ökunáms – umferðarfræðsla

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 10. bekk

Kennari: Hreiðar Örn Zoëga Stefánsson, löggiltur ökukennari

Nemendur fræðast um þætti sem tengjast ökunámi og akstri að því loknu. Þeir kynnast viðhorfum sem tengjast umferð og umferðarmenningu.

Markmiðin eru að nemendur:

- kynnist og læri, um búnað ökutækis, að þekkja umferðarmerkingar þekkja umferðarreglur og um orsakir umferðarslysa og áhættuþáttum í umferð

- móti viðhorf gagnvart ölvunarakstri og hraðakstri
- fái heildstæða mynd af ökunámi
- verði hæfari í að taka bílpróf þegar þar að kemur

Námið samanstendur af fjölbreyttum verkefnum sem unnin eru ýmist einstaklingslega eða í hóp. Stefnt verður á að fara í vettvangsferðir og aðfengnir fyrirlesarar koma hugsanlega í skólann með fræðslu.

Námsbækur: Stuðst verður við útgefnar kennslubækur fyrir ökunema ásamt myndböndum, nýjum umferðarlögum og efni frá kennara.

Námsmat: Símat þar sem verkefni nemanda og virkni er metin. Áfanginn er metinn lokið/ólukið.

Forritun

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 8.-10. bekk.

Kennari: Markús Karl Torfason

Valnámskeið þar sem taka fyrstu skrefin í forritun. Vinnum meðal annars í Python sem er mest notaða forritunarmálið 2021 auk þess sem við fiktum svolítið í Scratch. Auk þess fá nemendur að kynnst ýmsum tækjum og tólum, t.d. forritun á drónum og Spheró kúlum.

Markmiðin eru að

- vekja áhuga nemenda á forritun
- nemendur læri að hugsa eins og forritarar
- nemendur geti búið til einföld forrit
- nemendur skilji hvernig þjarkar (vélmenni) eru forritaðir til að vinna hin ýmsu verk í t.d. iðnaði og á sjúkrahúsum

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámsskrá.

Frjáls myndlist – eigið áhugasvið

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 9.-10. bekk.

Kennari: Erna G. Sigurðardóttir

Nemendur velja það sem þá langar að vinna með t.d. málun, leir, teikning, blönduð tækni o.fl. Kynntar verða ýmsar aðferðir til að auðvelda valið. Lögð er áhersla á að virkja ímyndunarafli, eigin myndheim og áhugasvið.

Markmiðin eru að nemendur:

- öðlist færni í að vinna skipulega frá hugmynd til fullmótaðs verks, með ólík efni og miðla út frá eigin áhugasviði
- beiti skapandi og gagnrýnni hugsun í myndlist
- kynnist ólíkum miðlum og tækni og öðlist dýpri skilning, getu og hæfni í eigin sköpun
- tileinki sér hugmyndavinnu og vinnuferli við sköpun eigin verka
- öðlist færni í að tjá og meta eigin vinnubrögð og verk jafnt sem annarra

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámsskrá.

Förðunarnámskeið I

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 8.-10. bekk

Kennari: Agnes Björgvinsdóttir förðunarfræðingur og kennaranemi

Í þessu valnámskeiði verður farið í undirstöðupætti förðunar og almennrar húðumhirðu. Meginefni námskeiðsins verður allt sem tengist förðun og fallegri húð. Nemendur fá sýnikennslu á augnförðun eins og halo, smokey og klassísk beauty skyggingu. Nemendur æfa sig í að farða eigið andlit en einnig andlit samnemenda.

Farið er yfir hvað hentar hverju andliti hvað varðar lit á augnskuggum, mismunandi augnhár og æfa nemendur sig í ásetningu þeirra. Nemendur þurfa að koma með sitt eigið snyrtidót ásamt því að prófa vörur sem verða í boði á námskeiðinu.

Markmiðin eru að nemendur:

- þekki grundvallaratriði í húðumhirðu. Þekki eigin húðgerð og viti hvað hentar henni
- þekki mismunandi farðanir og geti notað þær sér til gleði og ánægju
- þekki mismunandi förðunaráhöld og hvernig þau eru meðhöndluð
- öðlist grunnfærni í að meðhöndla snyrtivörur og viti hvað þarf að hafa í huga við val á þeim

Námsmat: byggir á frumkvæði og vinnusemi nemenda. Nemendur skila verkefnamöppu sem unnin er jafnt og þétt yfir önnina. Einkunn er lokið/ólokið.

Förðunarnámskeið II

(Eingöngu fyrir nemendur sem hafa lokið við förðunarnámskeið I)

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 9.-10. bekk

Kennari: Agnes Björgvinsdóttir förðunarfræðingur og kennaranemi

Í þessu valnámskeiði verður farið í stutta upprifjun á því sem var farið yfir á förðunarnámskeiði I. Meginefni námskeiðsins verður að öðlast betri færni í því sem var farið yfir á fyrri námskeiði ásamt því að læra flóknari farðanir og nýja tækni.

Tímarnir verða frjálssari þar sem nemendur geta leyft sköpunargleði að njóta sín undir handleiðslu förðunarfræðings. Tímarnir skiptast upp í sýnikennslu, æfingatíma og verkefnavinnu tengt förðun t.d. að framkalla förðun eftir mynd, geta útskýrt hvað hver vara gerir, geta sagt til um hvort tiltekin vara henti húðgerð sinni og svo fl.

Markmiðin eru að nemendur:

- þekki mismunandi farðanir og geti notað þær sér til gleði og ánægju
- séu öryggir í hreinlæti förðunarvara og bursta, hvað ber að varast og hvernig skuli nota þær
- öðlist meiri færni í ákveðnum förðunum og dýpki skilning sinn og bæti ofan á fyrri þekkingu

Námsmat: byggir á frumkvæði og vinnusemi nemenda. Nemendur skila verkefnamöppu sem unnin er jafnt og þétt yfir önnina. Einkunn er lokið/ólokið.

Grafík og leir

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 8.-10. bekk.

Kennari: Erna G. Sigurðardóttir

Í þessu vali kynnast nemendur bæði vinnu með grafíkþrykk og leirmótun. Í grafík skerum við út í plötur og þrykkjum ýmist á pappír eða tau en í leirmótun vinnum við í leir og glerjum.

Markmiðin eru að nemendur:

- öðlist færni í að vinna skipulega frá hugmynd til fullmótaðs verks, með ólík efni og miðla út frá eigin áhugasviði
- beiti skapandi og gagnrýnni hugsun í myndlist
- öðlist dýpri skilning, getu og hæfni við eigin sköpun
- öðlist færni í að tjá og meta eigin verk og annarra með hugtökum námsgreinarinnar

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámsskrá.

Hárnámskeið

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 8.-10. bekk

Kennari: Agnes Björgvinsdóttir förðunarfræðingur og kennaranemi

Í þessu valnámskeiði verður farið í undirstöðupætti hvað varðar hármeðhöndlun og hárgreiðslur. Meginefni námskeiðsins verður allt sem tengist hári og hárumhirðu. Nemendur fá afnot af vörum frá Label M og mismunandi járnnum frá HH SIMONSEN.

Nemendur fá sýnikennslu í mismunandi útfærslum af greiðslum og krullum ásamt því að æfa sig á samnemendum og sínu eigin hári. Nemendur þurfa að koma með sitt eigið snyrtidót t.d. hárbursta, teygjur og spennur.

Markmiðin eru að nemendur:

- þekki grundvallaratriði í hárumhirðu. Þekki eigin hárgerð og viti hvað hentar henni
- Nemendur þekki og kunni að nota mismunandi járn og geti notað þau sér til gleði og ánægju.
- Nemendur öðlist grunnfærni í að meðhöndla hár og viti hvað þarf að hafa í huga þegar kemur að hárvörum, járnnum og greiðslum.

Námsmat byggir á frumkvæði og vinnusemi nemenda. Nemendur skila verkefnamöppu sem unnin er jafnt og þétt yfir önnina. Einkunn er lokið/ólukið.

Heillandi hljómar

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 8.-10. bekk.

Kennari: Hildur Seljan

Söngleikjamyndir hafa ávallt verið vinsælar - allt frá The Wizard of Oz til The Greatest Showman. Í þessum valáfanga fá nemendur tækifæri til að horfa saman og njóta söngleikja allt frá upphafsárum þeirra til dagsins í dag, mynda sér skoðun á þeim og vinna lítil og skemmtileg verkefni út frá þeim ásamt því að taka þátt í umræðum. Nemendur ákveða með kennara þær myndir sem sýndar verða út frá fyrirfram ákveðnum lista kennarans.

Markmið: kynnast töfrum söngleikja og geta myndað sér gagnrýna skoðun á þeim.

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámsskrá.

Hip-Hop menning

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 8.-10. bekk.

Kennari: Ásrún Ágústsdóttir

Í áfanganum kynnst nemendur hip-hop menningu í víðu samhengi. Hvaðan rætur menningarinnar liggja, hvernig hún spratt upp og hefur blómstrað á síðastliðnum árum. Farið er yfir uppruna hip-hop menningar, áhrif hennar á þróun nútíma samfélaga út frá mannréttindum, sögulegum atburðum, tísku og tónlist.

Markmiðin eru að nemendur:

- öðlist grunnþekkingu á sögu hip-hop menningar
- kynnist hip-hop menningunni í gegnum tónlist, klæðnað, kvikmyndir og list t.d. dans, myndlist og graffiti
- þekki helstu áhrifavalda hip-hop menningar

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámsskrá.

Hjól og sund

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 8.-10. bekk

Kennari: Henning Skov

Nemendur verða þjálfaðir í að fara í fjölbreytta hjólatúra bæði stutta og langa sem munu reyna á ólíka hæfni og þjálfun til að efla hjólstyrk hvers og eins.

Í sundinu munum við einbeita okkur að heilbrigðum líkama og hollum mat. Einhverjum kennslustundum ljúkum við með því að búa til hollan smoothies.

Markmiðin eru að nemendur:

- finni gleðina við að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl með því að hjóla og synda
- skilji að ólíkar æfingar gera þá að betri hjólreiðamanni s.s. sprettæfingar, intervalæfingar og þolæfingar
- þjálfri þol og skilji hve stórt hlutverk púlsinn hefur þegar hjólað er
- finni gleðina og ánægjuna af því að vera úti allt árið

Það er afar mikilvægt að hafa aðgang að hjóli og vera með hjólahjál. Auk þess að vera klæddur til útiveru og eftir veðri.

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámsskrá.

Hvað er að fréttu Víkurskóli?

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 8.-10. bekk.

Kennari: Hildur Seljan

Í þessum áfanga ætlum við að hanna, búa til og gefa út skólablað Víkurskóla. Nemendur spyrja spurninga, gera skoðanakannanir, hanna blaðið, taka myndir, fjölrita og dreifa heitustu fréttum Víkurskóla. Stefnt verður að því að gefa út blaðið einu sinni í mánuði. Frábær leið til að kynnst útgáfu og hönnun! Hér er mikils metið að vera skapandi og hugmyndaríkur.

Markmiðin eru að nemendur:

- kynnist hönnun og útgáfu
- geti tekið viðtöl og skrifað stuttar greinar
- geti verið skapandi og samvinnuþýðir
- geti veitt og tekið gagnrýni.

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámsskrá.

Hraustir krakkar – morgunæfing

Kennslustund: 80 mín. Tíminn er kenndur frá kl. 7.40-8.40

Í boði fyrir: 8.- 10. bekk.

Kennari: Henning Skov

Hugsað fyrir krakka sem vilja æfa áður en skóladagurinn hefst. Æft er í litla líkamsræktarsalnum okkar í skólanum. Tíminn er kenndur frá k.7.40-8.40. Nemendur fá tíma til að skipta um föt/fara í sturtu áður en skóladagurinn hefst. Áhersla er lögð á styrktaræfingar og að nemendur upplifi að það sé gaman að hreyfa sig í góðum félagsskap.

Markmiðið er að nemendur geri sér grein fyrir mikilvægi þess að stunda holla og góða hreyfingu fyrir líkamlega og andlega heilsu.

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámsskrá.

Jóga

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 8. - 10. bekk.

Kennari: Erna G. Sigurðardóttir

Eina sem þarf er áhugi, forvitni og að taka þátt. Nemendur kynnast jóga og öðlast færni í öndun, jógastöðum og slökun.

Markmiðin eru að nemendur:

- öðlist færni í og læri öndun og grunnjógastöður og geti nýtt sér jóga sem tæki í eigin lífi m.a. til að vinna bug á spennu, streitu og ofvirkum huga
- geti nýtt sér aðferðir jóga í daglegu lífi til að bæta m.a. almennt heilbrigði, jákvæðni, svefn, athygli, einbeitingu, hamingju og gleði

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámsskrá.

Jólaval – gluggaskreytingar í skólann okkar

Kennslustund: 80 mín

Kennari: Erna G. Sigurðardóttir

Í boði fyrir: 8. - 10. bekk.

Þið vinnið hugmyndir og hannið jólaskreytingar í glugga skólans og sjáið um að koma þeim fyrir.

Markmiðin eru að nemendur:

- öðlist færni í að vinna skipulega frá hugmynd til fullmótaðs verks
- beiti skapandi og gagnrýnni hugsun í vinnu
- öðlist dýpri skilning, getu og hæfni við eigin nýsköpun og hönnun

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámsskrá.

Jólaval

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 8.- 10. bekk.

Kennari: Guðrún Lára Baldursdóttir

Nemendur vinna verkefni að eigin vali þar sem ljósasería er notuð. Lögð er áhersla á hugmyndavinnu og vandað handverk.

Markmiðin eru að nemendur geti:

- valið aðferðir efni og verkfæri við hæfi og sýnt rétta og ábyrga notkun verkfæra
- útskýrt hugmyndir sínar fríhendis- og með grunnteikningu
- unnið sjálfstætt eftir verkáætlun og vinnuteikningu
- beitt viðeigandi vinnustellingum og notað réttan hlífðarbúnað og fjallað um vinnuvernd.

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámsskrá.

Kennaragrín

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 8.-10. bekk.

Kennari: Hildur Seljan

Hvern langar ekki að gera grín að kennurunum? Í þessum áfanga búa nemendur til handrit, afla sér leikmuna og búninga, leika, syngja og dansa og búa til myndband til heiðurs kennurum sínum fyrir árshátíð Víkurskóla.

Markmiðin eru að nemendur geti:

- unnið á skapandi og gagnrýninn hátt í hópi
- unnið við gerð myndbanda
- túlkað á leikrænan hátt með meðleikurum
- veitt og tekið á móti uppbyggilegri gagnrýni
- aflað og nýtt sér leikmuni, búninga og tækni

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámsskrá.

Kvikmyndir baðstofunnar; hekl-prjón-útsaumur

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 8.- 10. bekk.

Kennari: Ásrún Ágústsdóttir

Kennarar verða ýmsar aðferðir í hekli, prjóni og útsaumi. Hver nemandi velur sér tækni til að vinna með út frá eigin áhugasviði. Nemendur vinna hlut/verk með aðferðum heklis, prjóns eða útsaums. Í tímunum verður horft á kvikmyndir meðan nemendur vinna verk sín. Með því er leitast við að skapa heimilislegan anda og fortíðarþrá.

Markmiðin eru að nemendur:

- vinni verk/hlut eftir eigin áhugasviði
- læri og þrói tiltekna tækni sem nýtist í eigin sköpun
- geti rökstutt eigið val á textílefni og -tækni eftir viðfangsefni og efnisfræði.

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámsskrá.

Leiklist – árshátíð

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 8.-10. bekk

Kennari: Anna Íris Pétursdóttir

Nemendur vinna að árshátíðarsýningu. Nemendur velja í samráði við kennara hvað skal sett upp.

Markmiðin eru að nemendur:

- tileinki sér þekkingu á grunnaðferðum og grunntækni greinarinnar og geti nýtt sér þessa þekkingu og færni í leik og starfi, einkum til að byggja upp sjálfstraust og þjálfra samskiptahæfni
- kynnist hinum ýmsu formum og tækjum leiklistarinnar s.s. hlutverkaleik, paravinnu, spuna, persónusköpun, yfirheyrslu, innlifun, hreyfingu, látbragði, líkamstjáningu og raddbeitingu
- geti notið leiklistar á jákvæðan og gagnrýnninn hátt

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámsskrá.

Listnámsbraut í Borgarholtsskóla

Kennarar við listnámsbraut Borgarholtsskóla bjóða uppá spennandi áfanga fyrir nemendur í 10. bekk í vetur.

Nemendur fá kynningu á þremur kjörsviðum listnámsbrautar skólans og tækifæri til að reyna sig við listgreinarnar undir leiðsögn fagfólks. Hver listgrein verður kennd í tveimur lotum og lotur hvers sviðs kenndar til skiptis. **Kennt verður í Borgarholtsskóla tvær klst einu sinni í viku allt skólaárið 2021-2022.**

Grafísk hönnun

Í grafíska hlutanum kynnast nemendur teikningu, lita- og formfræði og tengingu sjónlista við grafíska hönnun. Nemendur fá einnig grunn í hreyfimyndadagerð og þjálfun í stafrænni vinnslu. Kennsla beinist að því að hjálpa nemendum að tileinka sér þekkingu og leikni með framsetningu myndmáls og hæfni bæði til að beita myndmáli og skilja mikilvægi og samhengi þessi í nútíma samfélagi.

Leiklist

Með leikgleði, samvinnu og skapandi hugsun að leiðarljósi munu kennarar fara yfir undirstöðuatriði leiklistar sem listgreinar. Nemendur kynnast sögu leikhússins, mismunandi aðferðarfræði þess. Nemendur gera spunaæfingar og sviðsetja stutt leikin atriði. Nemendur munu fá innsýn inn í fjölbreytt störf leikhússins og kvikmyndageirans og í leiðinni efla með sér sjálfstraust og örugga framkomu.

Innsýn í skapandi kvikmyndagerð

Bíómyndir, sjónvarpsefni, tónlistarmyndbönd, auglýsingar, fréttir og beinar útsendingar. Í áfanganum fá nemendur að kynnast mismunandi hliðum kvikmyndagerðar. Farið verður í grunnþætti við undirbúning, kvikmyndatöku og úrvinnslu auk þess sem nemendur læra að nýta tæknina til sköpunar og fá að spreyta sig á helstu tæknistörfum í myndveru. Kvikmyndagerð er í eðli sínu hópvinna og lögð er áhersla á mikilvægi samvinnu til að ná sameiginlegum markmiðum.

Námsmat: Gefin er einkunn miðað við viðmið fyrir framhaldsskóla þar sem þetta nám gefur 5 einingar á framhaldskólastigi.

Málmtæknival – MSG1A03

Kennt allt árið

Kennslustund: 120 mín. allt árið. Kennsla fer fram í Borgarholtsskóla, nemendur fá 3 f-einingar fyrir námið. Kennt í 120 mínútur á viku á mánudögum frá kl. 15:30 – 17:30.

Í boði fyrir: 10. bekk.

Kennari: Ellert Danelíusson, Málm- og véltækni við BHS

Málmiðngreinarnar eru fimm; rafeindartækni, logsuða, plötuvinna, rennismíði og vélfræði. Skólaárinu er skipt í fimm hluta þar sem nemendur fá kynningu á framangreindum greinum. Auk þess verður farið í tölvuteikningar.

Námsmat: Gefin er einkunn miðað við viðmið fyrir framhaldsskóla þar sem þetta nám gefur 3 einingar á framhaldskólastigi.

Nemendaráð

Kennt allt árið

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 8.- 10. bekk.

Kennarar: Helga Hjördís Lúðvíksdóttir og Valentína Tinganelli

Félagsmiðstöðin Vígyn starfar eftir hugmyndafræðinni um unglíngalýðræði. Því koma unglíngar eins mikið og unnt er að skipulagi, dagskrárgerð og útfærslum á viðburðum félagsmiðstöðvarinnar. Nemenda- og unglíngaráði sem og starfsfólki félagsmiðstöðvarinnar er ætlað að sjá til þess að unglíngalýðræði sé í hávegum haft m.a. með vikulegri fundarsetu þar sem málefni félagsmiðstöðvarinnar eru rædd. Nemendaráðsval stendur öllum til boða en ekki allir nemendur sem bjóða sig fram komast að, tekin verða viðtöl inn í nemendaráðið.

Til að hámarka virkni nemenda- og unglíngaráðsmeðlima skiptir ráðið með sér verkum. Allir meðlimir sitja í öðru ráðinu af tveimur ráðum nemenda- og unglíngaráðs. Ráðin eru markaðsráð og viðburðaráð og velja meðlimir sér ráð sem þeir hafa áhuga á að þjóna. Auk þess að sjá um almennt skipulag á dagskrá félagsmiðstöðvarinnar munu meðlimir nemenda- og unglíngaráðs fá kennslu í þáttum er varða viðburðastjórnun, markaðssetningu, hvernig á að virkja aðra með sér, styrkingu sjálfsmyndar o.fl. þætti sem koma að því að efla meðlimi ráðsins félagslega.

Almennt um skyldur nemendaráðsmeðlima, virkni nemendaráðsmeðlima er gífurlega mikilvæg til þess að félagsmiðstöðin blómstri. Allir meðlimir nemendaráðs hafa ákveðnum hlutverkum að gegna og verða þau metin eftir þessum þáttum:

Meti starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar svo að nemendaráðsmaður sé ekki að standa undir þeim kröfum sem gerðar eru til hans fær viðkomandi áminningu eða beðinn að víkja úr ráðinu og þarf þá að finna sér aðra valgrein.

Námsmat: Lokið/ólókið. Auk þess fær nemandinn skriflega umsögn/meðmæli.

Réttindaráð

Kennt allt árið

Kennslustund: 80 mín

Í boði fyrir: 8.- 10 bekk.

Kennari: Hanna Margrét Einarsdóttir

Réttindaskóli UNICEF er verkfæri til þess vinna með mannréttindi barna í skóla-og frístundastarfi. Innleiðingin miðar að því að fræða börn og fullorðna um Barnasáttmálann til þess að gera þeim kleift að vinna með mannréttindi í hversdagslegum aðstæðum.

Nemendur í réttindaráði munu leiða innleiðingu Víkurskóla að því að verða Réttindaskóli UNICEF

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámsskrá.

Ritsmiðja - Skapandi skrif

Kennslustund: 80 mín
Í boði fyrir: 8.- 10 bekk.
Kennari: Erna G. Sigurðardóttir

Nemendur vinna með skapandi skrif og fá þjálfun í að búa til sögur og ljóð (söngva eða rapp). Ýmis fjölbreytt og skapandi verkefni unnin meðal annars í viðtals- og sagnarformi og unnið bæði með texta og myndir.

Markmiðin eru að nemendur:

- öðlist hæfni og færni til að vinna eftir fyrirmælum á skapandi hátt
- öðlist frelsi og sjálfstraust til að treysta á eigin sköpunarkraft
- æfist í að efla eigið hugarflug í skrifum, myndmáli og framsetningu

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámsskrá.

Rökræðulist – heimspekilegar samræður

Kennslustund: 80 mín.
Í boði fyrir: 8.- 10. bekk.
Kennari: Ásrún Ágústsdóttir

Kennslan fer fram í samræðum og eru umfjöllunarefni tekin úr daglegu lífi nemenda, fjölmiðlum og samfélaginu almennt. Í gegnum samræður er unnið að því að efla gagnrýna hugsun nemenda meðal annars með því að gagnrýna og færa rök fyrir eigin skoðunum.

Margskonar heimspekilegar spurningar geta komið upp líkt og hvað er gott líf? Hvað er ást? Hver er andstæðan við ást? Við hvað erum við hrædd? Hvað er guð? Hvað er fegurð?

Markmiðin eru að nemendur:

- geti tjáð hugsanir sínar skýrt og skipulega
- geti sýnt ólíkum skoðunum annarra virðingu
- efli gagnrýna hugsun
- fái aukið sjálfstraust

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámsskrá

Rússneska

Kennslustund: 80 mín.
Í boði fyrir: 9. -10. bekk.
Kennari: Renate Brunovska

Áhersla verður lögð á að nemendur vinni með færniþættina fjóra, lestur, hlustun, tal og ritun. Þeir eru hvattir til að æfa sig sem mest á rússnesku í kennslustundum, ræða saman í þörum eða hópum. Nemendur vinna verkefnið ýmist sjálfstætt eða í hópi. Textar úr hefti verða lesnir og einnig er hlustað á upplestur þeirra. Í kjölfarið er unnið í hefti í tengslum við textana. Einnig er farið yfir grunnatriði í rússneska málfræði og ritun.

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámsskrá við lok 1. stigs fyrir erlend tungumál.

Skartgripagerð

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 8. - 10 bekk. Hámark 12 nemendur.

Kennari: Erna G. Sigurðardóttir

Nemendur hanna eigin skartgripi og annað skart eða skraut í leir. Efniviður sem er notaður er meðal annars leir, leðurólar, bönd, ýmist tilbúið föndur o.fl.

Markmiðin eru að nemendur:

- öðlist færni í að vinna skipulega frá hugmynd til fullmótaðs verks, með ólík efni
- beiti skapandi og gagnrýnni hugsun í vinnu
- öðlist dýpri skilning, getu og hæfni við eigin nýsköpun og hönnun
- öðlist færni í að tjá og meta eigin verk og annarra með hugtökum námsgreinarinnar

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámsskrá.

Skartgriphönnun/málmsmíði

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 9.- 10. bekk.

Kennari: Guðrún Lára Baldursdóttir

Nemendur læra að hanna sína eigin skartgripi og/eða annað að eigin vali. Mikilvægt er að nemandi geti unnið að verkefni sínu sjálfstætt undir leiðsögn kennara. Í skartgriphönnun læra nemendur hugmyndavinnu, skissu teikningu, efnisval og að gera eftir getu hvers og eins.

Markmiðin eru að nemendur:

- beiti skapandi og gagnrýnni hugsun í hönnun
- leggi mat á eigin vinnubrögð
- nýti margvíslega miðla til að afla upplýsinga á gagnrýnninn hátt um efni sem tengist hönnun og iðnaði
- tileinki sér hugmyndavinnu og vinnuferli við nýsköpun eigin verka
- hugi að sjálfbærni og tileinki sér umhverfisvæna hugsun og framkvæmd
- kynni sér ólíka vinnuhætti við sköpun sína
- kanni umhverfi og menningu hönnunar
- beiti fjölbreyttum aðferðum og áhöldum við formun afurða
- rökstyðji eigið val á efnivið, eftir viðfangsefn.
- geti valið aðferðir efni og verkfæri við hæfi og sýnt rétta og ábyrga notkun verkfæra
- geti útskýrt hugmyndir sínar fríhendis- og með grunnteikningu
- geti unnið sjálfstætt eftir verkáætlun og vinnuteikningu
- geti beitt viðeigandi vinnustellingum og notað réttan hlífðarbúnað og fjallað um vinnuvernd

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámsskrá.

Skrekkur

Kennslustund: 80 mín. Vali lýkur eftir sýningu í Borgarleikhúsinu.

Í boði fyrir: 8.-10. bekk

Kennari: Anna Íris Pétursdóttir

Undirbúningur og sýning á Skrekksatriði Víkurskóla árið 2021. Undirbúningur fyrir Skrekk er ákveðið ferli. Byrjað er á hugmyndavinnu, svo er unnið að handritsgerð og að lokum er atriðið æft til sýningar.

Í Skrekk fá hæfileikar nemenda að njóta sín. Þar vinna ólík listform saman eins og dans, leiklist, tjáning, tónlist, búningagerð og sviðsmyndagerð. Auk þess gefst tækifæri til þess að kynnast hinni tæknilegu hlið leikhússins, svo sem ljósum og hljóði. Skipulagshæfileikar nýtast einnig vel.

Markmiðið er að nemendur geti notið ólíkra listforma á jákvæðan og uppbyggilegan hátt.

Námsmat: Lokið/ólókið

Slakaðu á!

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 8.-10. bekk.

Kennari: Hildur Seljan

Í þessum áfanga er aðaláherslan lögð þá færni að öðlast hugarró á tímum þar sem allt er á fleygiferð. Farið verður í grunnþætti slökunar, mikilvægustu þættir hennar eru djúp öndun og góðar teygjur sem stuðlar síðan að góðu jafnvægi í líkamanum.

Teknar verða fyrir stuttar hugleiðslur sem nemendur geta örugglega nýtt sér um ókomna framtíð. Hugleiðslurnar eru að sjálfsögðu endurteknar aftur og aftur svo að nemendur nái að nýta sér þær betur. Við förum líka í grunn núvitundar og að lokum verður einnig farið vel mikilvægi svefns og góðar venjur fyrir svefninn.

Mikilvægt er að nemendur geti tekið tillit til annarra nemenda og tekið þátt í uppbyggilegum samræðum. Gott er að mæta í þægilegum klæðnaði.

Markmiðin eru að nemendur:

- kynnist grunni slökunar, núvitundar og mikilvægi svefns.
- geti tekið þátt í hugleiðsluæfingum og framkvæmt þær æfingar sem unnið er með hverju sinni.

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámsskrá.

Slökun/jóga nidra

Kennslustund: 80 mín

Í boði fyrir 8.-10. bekk.

Kennari: Líney Björg Sigurðardóttir

Nemendur kynna tækni og aðferðum í öndun, athygli og slökun. Í hverjum tíma fer fram slökun þar sem nemendur liggja á jógadýnu og boðið upp á teppi. Nemendur er leiddir í djúpa slökun sem hjálpar til við að losa um spennu og hindranir hugans.

Fræðsla, sýnikennsla, einstaklingsvinna, sjálfstæð vinnubrögð, verklegar æfingar

Markmiðin eru að nemendur:

- geti rætt eigin ábyrgð á líkamlegu og andlegu heilbrigði bæði sínu eigin og annarra
- geti sýnt styrk til að bera ábyrgð á eigin lífi, lífsháttum og heilbrigði

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámsskrá.

Smákökubakstur

Kennslustund: 80 mín

Í boði fyrir: 8.- 10. bekk.

Kennari: Erna G. Sigurðardóttir

Nemendur spreyta sig á að baka fjölbreyttar uppskriftir af smákökum. Námið er verklegt, smakkað í tímum og tekið með heim.

Markmiðin eru að nemendur:

- öðlist færni og þekkingu á smákökubakstri
- öðlist færni í að fylgja fyrirmælum, vinna eftir uppskriftum með mismunandi hráefni og aðferðir
- öðlist færni til að vinna í eldhúsi og sjá um lokaþrif

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámsskrá.

Smíði með geislaskera

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 8.- 10. bekk.

Kennari: Guðrún Lára Baldursdóttir

Nemendur hanna ákveðið verkefni þar sem Glowforge fræsari er notaður í bland við hefðbundna smíðavinnu. Lögð er áhersla á hugmyndavinnu og vandað handverk.

Markmiðin eru að nemendur geti:

- valið aðferðir efni og verkfæri við hæfi og sýnt rétta og ábyrga notkun verkfæra
- útskýrt hugmyndir sínar fríhendis- og með grunnteikningu
- unnið sjálfstætt eftir verkáætlun og vinnuteikningu
- beitt viðeigandi vinnustellingum og notað réttan hlífðarbúnað og fjallað um vinnuvernd

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámsskrá.

SNAG golf

Kennslustund: 80 mín

Í boði fyrir: 8.-10. bekk

Kennari: Golfkennari frá GR

Hvað er SNAG golf? SNAG snýst um að hafa gaman á meðan verið er að læra grundvallaratriðin í golfi. Hugtökin sem notuð eru í SNAG skapa skýrar myndir í huga nemandans og stuðla þannig að auknum skilningi hans á golfleiknum. Kennt verður í Víkurskóla og hjá Golfklúbbi Reykjavíkur.

Kennsluáðferðir verða verkleg kennsla í íþróttasal og utandyra. Myndbönd. Þeir námsþættir sem farið verður í eru staða, grip, sveifla og önnur tækniatriði. Helstu kennslugögn sem notuð verða eftirfarandi. Kyllfur, boltar og hringir og ýmisleg verkfæri sem tilheyra SNAG golfi. Venjulegar golfkyllfur og boltar. Myndbönd.

Markmiðin eru að nemendur:

- kynnist golfíþróttinni
- tileinki sér undirstöðuatriði íþróttarinnar

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámsskrá.

Snóker eða Pool

Kennslustund: 120 mín.

Kennsla fer fram í Knattborðsstofunni Klöpp í Faxafeni 12.

Í boði fyrir: 10. bekk

Kennari: Alan Trigg world snooker and pool coach.

Knattborðsstofan Klöpp hefur boðið grunnskólum upp á Snóker val um nokkurt skeið og fer áhugi nemenda á að læra snóker vaxandi. Á síðasta skólaári tóku nokkrir nemendur þátt í Íslandsmóti U21 þar sem einn komst í úrslit. Snóker er nákvæmnis íþrótt sem eflir einbeitingu og hugarreikning.

Kennd verða grundvallaratriði íþróttarinnar, þar má nefna grunnatriði í meðhöndlun kjuðans, stöðu við borðið, reglur í snóker, leikni við stjórn á hvítu kúlunni, uppbygging á skori og þær ströngu siðareglur sem iðka skal við íþróttina.

Markmið: Að ná færni í Snóker, efla einbeitingu, hugarreikning og skynjun á eðlisfræði íþróttarinnar

Námsmat: Virkni og þátttaka í tímum, lokið/ólokið

Starfsnám í frístundaheimili

Kennt allt árið

Kennslustund: metið á samtals 80 mínútur/ tvær kennslustundir yfir skólaárið. Tímabil starfsnámsins er **frá október fram í mars**. Hægt verður að semja um hvaða dagar henta í samráði við forstöðumann á viðkomandi stað.

Í boði fyrir: 9.- 10. bekk

Umsjón: Víkurskóli, Félagsmiðstöðin Vígyn og frístundaheimilin Brosbær og Hvergiland bjóða unglingum að koma í starfsnám á frístundaheimilin og að börn á frístundaheimilum fái tækifæri til að kynnastr unglingum.

Markmiðin eru að nemendur:

- efli samskiptafærni sína
- læri viðburðastjórnun
- þjálfist í að sækja um starf og fara í atvinnuviðtal
- kynnist starfsemi frístundaheimila

Námsmat: Lokaeinkunn er lokið/ólokið. Auk þess fær nemandinn skriflega umsögn/meðmæli að starfsnámi loknu sem viðkomandi getur nýtt sér síðar til að sækja um starf.

Syngjum saman

Kennt allt árið

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 8.- 10. bekk

Kennari:Hildigunnur Einarsdóttir

Syngjum saman er samsöngval sem er fyrir alla hressa unglinga sem vilja taka þátt í söngstarfi. Nemendur velja sönglög in í samráði við kennara.

Markmiðin eru að nemendur:

- öðlist færni í að vinna að sameiginlegu markmiði í hóp
- læra undirstöðuatriðin í söng og raddbeitingu
- læra að syngja einradda og fjölradda lög

- þroski rödd sína og þrói
- öðlist skilning á söngröddinni og eiginleikum hennar
- njóti þess að syngja alls konar lög
- öðlist reynslu og þjálfun í að koma fram með sönghóp og syngja fyrir áheyrendur

Námsmat: Ástundun, viðhorf og þátttaka, lokið/ólókið.

Tálgun

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 8.- 10. bekk.

Kennari: Guðrún Lára Baldursdóttir

Nemendur hanni og tálgi út dýr að eigin vali. Lögð er áhersla á hugmyndavinnu, vandað handverk og tækni.

Markmiðin eru að nemendur:

- velji aðferðir efni og verkfæri við hæfi og sýni rétta og ábyrga notkun verkfæra
- útskýri hugmyndir sínar fríhendis- og með grunnteikningu
- vinni sjálfstætt eftir verkáætlun og vinnuteikningu
- beiti viðeigandi vinnustellingum og noti réttan hlífðarbúnað ásamt því að fjallað verður um vinnuvernd

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámsskrá.

Teikning og málun eftir ljósmyndum

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 8.-10. bekk

Kennari: Erna G. Sigurðardóttir

Nemendur velja ljósmynd sem þá langar að vinna með, frjálst val og úr ótal möguleikum að velja. Tækni og aðferðir í teikningu og málun eru kynntar til að vinna með. Áhöld sem hægt er að velja úr eru m.a. ýmsir teikniblyantar, kol, blek, acrylmálning (listamannamálning), neoncolor, vatnslitir.

Markmiðin eru að nemendur:

- öðlist færni í að vinna skipulega frá hugmynd til fullmótaðs verks, með ólík efni og miðla út frá eigin áhugasviði
- beiti skapandi og gagnrýnni hugsun í myndlist
- öðlist dýpri skilning, getu og hæfni við eigin sköpun
- öðlist færni í að tjá og meta eigin verk og annarra með hugtökum námsgreinarinnar

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámsskrá.

Val utan skóla

Valið er metið sem 80 mínútur yfit allt skólaárið.

Hægt er að óska eftir að fá val utan skóla metið sem valgrein. Sótt er um það á sér blaði.

Þeir nemendur sem eru þátttakendur í Erasmus+ verkefni fá það metið sem eina valgrein.

Val utan skóla er ekki tekið gilt nema umsókninni sé skilað undirritaðri af foreldri/forráðamanni á skrifstofu skólans.

Hér er linkur á eyðublaðið varðandi val utan skóla.

Einnig fá nemendur afhent blað, í haust, sem fylla þarf út og skila á skrifstofu skólans með upplýsingum um hvar viðkomandi er að stunda sitt val utan skóla. Haft verður samband við viðkomandi aðila til að kanna ástundun nemenda.

Forsendur fyrir umsókn eru eftirfarandi

- Að valið sé formlegt og að tímasókn sé skráð
- Allur kostnaður er greiddur af foreldrum
- Foreldrar bera ábyrgð á þessu námi barna sinna gagnvart Víkurskóla og láta vita ef einhverjar breytingar verða á ástundun.
- Tvisvar á ári (í janúar og undir lok maí) óskar Víkurskóli eftir staðfestingu á ástundun nemandans.

Námsmat: Gefið er lokið/ólókið

Vefsíðugerð I

Kennslustund: 80 mín

Í boði fyrir: 8.-10 bekk.

Kennari: Erna G. Sigurðardóttir

Í þessu vali læra nemendur að gera einfalda vefsíðu. Engrar kunnáttu er krafist bara áhugi og vilji til að læra, vinna í tölvum og öðlast færni í vefsíðugerð.

Markmiðin eru að nemendur:

- öðlist færni í að fara eftir fyrirmælum
- öðlist hæfni og getu í hönnun með texta, myndir og uppsetningu síðu
- öðlist hæfni og getu í nýsköpun með fullgerðri vefsíðu

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámsskrá.

Viðburðastjórnun

Kennt allt árið

Kennslustund: 40 mín.

Í boði fyrir: 8.- 10. bekk

Kennari: Júlía Guðmundsdóttir

Nemendur vinna í sameiningu að því að skipuleggja árshátíð skólans. Kosnir eru þrír hópstjórar sem eru fremstir meðal jafningja og úthluta verkefnum sem nemendur hafa í sameiningu ákveðið að unnið skuli að í tengslum við árshátíðina, s.s. þema og fleira. Einnig munu nemendur í smærri hópum undirbúa, skipuleggja og stjórna minni viðburðum á skólatíma. Suma daga erum við lengur og þá sérstaklega þegar nær dregur árshátíð. Á móti kemur að val hættir fyrir að vori.

Markmiðin eru að nemendur:

- séu meðvitaðir um þátt tilfinninga í öllum samskiptum
- geri sér grein fyrir gildi og verðmæti jákvæðs áreitis
- beri virðingu fyrir samnemendum sínum og ólíkum skoðunum þeirra
- geti tjáð og rökrætt hugsanir sínar, skoðanir, tilfinningar og væntingar til að komast að sameiginlegri niðurstöðu
- séu færir um að beita gagnrýninni hugsun í samskiptum, skapandi starfi, við að setja sér markmið og taka ákvarðanir

- skilji gildi þess að rækta frumkvæði sitt og sköpunargáfu á eigin forsendum
- geti tjáð og fært rök fyrir hugsunum sínum og skoðunum á formlegum fundum
- þjálfist í skipulagsvinnu og lýðræðislegum vinnubrögðum í hópastarf.
- þjálfist í viðburðastjórnun og ábyrgð með því að skipleggja minni og stærri viðburði

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámsskrá.